

Skrá 28. Heyannir IV

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins.

28. Spurningaskrá.

Inngangur.

Spurningaskrá um slægjulönd eða slægjur (tún, engi, o.s.frv.) er hluti af heimildasöfnun um slátt eða heyannir. Um það efni hafa þegar verið sendar út 5 spurningaskrár: Um orf og hrífu 1963, Um heygeymslu 1969, Um flutningstæki og flutninga 1970, Um heyvinnuföt, mat og matmálstíma 1971, Um samantekningu heys o.fl. 1972.

Ófjallað er enn um nokkra þætti heyvinnu. Ber þar ekki síst að nefna slátt (orfaslátt) og ljáarakstur. Má vænta þess, að spurningaskrá um það efni verði send út á næsta ári.

Fjöldi Íslendinga man enn vel eftir hinum gömlu heyvinnuaðferðum, en þó hlýtur að því að koma, að þær hverfi í fjarska og gleymsku eins og öll önnur niðurfelld vinnubrögð.

Þjóðháttaskráningin hefur notið góðs af áhugastarfi fjölmargra manna, karla og kvenna, víðsvegar um landi, starfi, sem hefur ómetanlega þýðingu fyrir íslenskar þjóðhátтаранnsóknir á komandi tímum. Hún þakkar það innilega og væntir þess, að enn megi hún vænta liðs hjá vinum sínum.

Slægjulönd.

Var orðið slægja eða slægjur almennt notað um slægjulönd hverrar jarðar? Var orðið teigur eða teigar fremur notað um land, sem búið var að slá eða hirða af hey? Gerið grein fyrir slægjulöndum allt frá túni til mesta votlendis.

a) Tún. Var orðið tún almennt notað um ræktað land út frá sveitabýli? Var það einnig notað um ræktað land lengra burtu og þá oft með forskeyti (fjánhústún, stekkjatún, o.s.frv.)? Var orðið heimatak einnig notað í merkingunni tún eða heimatún? Segið frá einstökum hlutum slægna innan túns, sem slegnir voru með því (bæjarþök, veggir, garðar, varpi, o.s.frv.). Var nokkurt sérstakt nafn notað um útskefjar (útjaðra) á túni? Segið frá álitum manna og skoðunum á einstökum tegundum grasa og jurta, sem uxu í túni (smæra, kornsúra, lokasjóður, sóley, kúmen t.d.). Voru mismunandi orð eða hugtök notuð um tún sem ræktað land (áborið land, tatt land t.d.)? Segið frá landi með töðugæfu heyi utan túns (eyjalönd t.d. þar sem gróður naut góðs af fugladriti).

b) Vallendi utan túns. Gerið grein fyrir vallendisgróðri með tilliti til fóðurgildis m.a. (reyr, eski, elfting o.s.frv.).

c) Hálfdeigja, milli mýrar og vallendis. Var nokkurt samheiti um gróður, sem var sambland af vallendisgróðri og mýrargróðri (milli mýrar og vallendis, samriskja o.s.frv.)? Gerið grein fyrir honum.

d). Mýri. Gerið grein fyrir mýrargróðri, m.a. með tilliti til fóðurgildis (kúgæft hey, fjárhey, t.d.).

e) Áveitur, áveituengi. Gerið grein fyrir áveitum á slægjulönd. Lýsið, hvernig að þeim var unnið (skurðir, flóðgarðar). Voru einstakir bændur, sem gengu þarna á undan öðrum í framkvæmdum? Hvenær var vatni hleypt yfir, hvenær tekið af? Segið frá þýðingu áveitna fyrir aukinn og bættan heyfeng bænda, m.a. með tilliti til breytts fóðurgildis grasa.

f) Flæðiengi, ósengi m.a. Áttu "óbeislaðar" ár þátt í að auka heyfeng með rennsli um engjalönd, t.d. í ísalögum eða í leysingum? Áttu vötn með breytilegu vatnsborði þátt í að auka grasvöxt á engjum (flæðiengi, ósengi)? Voru einstök vötn, lón eða árósar, sem lokuðust með vatnsrennsli (frárennsli) á vissum árstímum og flæddu yfir engjalönd bænda? Lýsið slíkum uppistöðum vatna ef um þær var að ræða. Hvenær voru þær hagfelldastar fyrir gróðurinn.

g). Nes, nesslægjur. Hvað táknar orðið nes í mæltu máli? Segið frá nesi sem slægjulandi, ef um það var að ræða, gróðurfari og öðru, er efnið varðar.

h) Önnur gróðurlendi til slægna. Gerið grein fyrir slægjulöndum til heiða eða fjalla, gróðurfari og fóðurnotum (stör, brok, víðilauf, kvistur, o.s.frv.). Gerið grein fyrir fóðuröflun í flóum, blám, flóðum, tjörnum, rotum eða öðru votlendi. Gerið grein fyrir gróðri þar og gildi hans til fóðurs. Þekktist það, að melblaðka væri slegin til fóðurs? Lýsið því.

Mismunandi slægjur miðað við yfirborð lands og gróðurfar.

Íslendingar hafa um allar aldir litið bújarðir misjöfnum augum eftir gildi þeirra til beitar og heyöflunar m.a. svo sem orðin fleytingsjörð og beitarjörð bera vott um. Menn eru beðnir um að lýsa þessu álit með tilliti til heyskapar (góð eða vond heyskaparjörð, slægjujörð, túnajörð, engajörð o.s.frv.). Lýsið hvernig þetta álit kom fram í einstökum orðum varðandi gott eða vont slægjuland (akur, mesti akur og t.d. andstæðan harðskafi, harðslægja, rytta, ryttuengi, reytingsengi, þjóttá, þjóttumýri o.s.frv.). Lýsið slægju miðað við hversu illa eða vel hún var fallin til þess að renna um hana ljá í slætti. Gerið grein fyrir þessu stig af stigi frá versta þýfi til lands, sem talið var rennislétt (kargi, þúfnakargi, stórþýfi, smáþýfi, nabbþýfi, greiðfært, o.s.frv.).

Skipting slægna í reiti eða skákir milli jarða í margbýli.

Var slægjulandi í túni eða engjum skipt í skákir eða reiti milli bæja í tvíbýli eða margbýli og þá farið eftir stærð eða hundraðatali jarða? Hvað nefndust slíkir reitir (skákir t.d.)? Lýsið skiptingu og stærð skáka að því leyti til sem hægt er. Höfðu einstakar jarðir sömu skákir frá ári til árs eða voru höfð á þeim áraskipti? Þekktist það að bændur heyjuðu í samvinnu á einstökum skákum eða spildum, þar sem um sameign var að ræða? Áttu jarðir slægjuítök í landi annarra jarða? Greinið frá þeim. Gengu þau undir ákveðnum samheitum (teigur, völlur, skipti t.d.)? Komu einhver ákveðin réttindi eða ítök á móti slíkum slægjuítökum (beitarréttindi, skógarítök, t.d). Haldast slík ítök enn til þessa dags? Lýsið mörkum á milli slægjulanda, teiga eða skáka. Lýsið, hvernig mörkum var haldið við, þar sem þörf krafði. Kunna menn að segja frá því, að gengið hafi verið á mörk til athugunar eða réttingar ef ágreiningur kom upp um þau?

Útmældir teigar, m.a. í örnefnum.

Var sláttumönnum mældur út ákveðinn völlur til sláttar (dagsláttar)? Hvað nefndist það (að mæla út völl, mæla út teig t.d.)? Lýsið þessu. Hve stór var a). vallardagsláttar, b). engjadagsláttar? Fór þetta e.t.v. að einhverju leyti eftir því, hvort land var slétt, greiðfært eða þýft? Þekkjast örnefni, sem benda til útmælingar lands til sláttar eða til verðmats, miðað við einhverja ákveðna stærð (dagteigur, skattteigur, ákvæði, eyrisvöllur o.s.frv.)?

Slægja í leigu.

Segið frá leigu á slægjulöndum, a) í túni, b) á engi. Hvernig var leigu háttað? Var e.t.v. mismunandi háttur hafður á um greiðslu, a.) greiðsla í peningum, b) greiðsla í landaurum, c) greiðsla í vinnu, d) greiðsla í hluta af afrakstri (heyfeng), e) önnur greiðsla, inntjar lands t.d.? Þekktist það, að bændur sæktu með þessum hætti heyskap langt út fyrir land sitt, jafnvel í aðrar sveitir? Hvernig var þá háttað heimflutningi heys?

Varnir slægna, vakað yfir velli, girðingar o.fl.

Ekki er ákaflega langt til þess að rekja, er slægjur jarða voru að miklu leyti óvarðar fyrir ágangi búfjár. Hér er óskað eftir því, að menn geri grein fyrir slægjuvörnum, a) í túni, b) á engjum. Kunna menn að segja frá því, að vakað var yfir túni á vori eða sumri til að bægja fénaði brott? Hvað nefndist það (að vaka yfir velli t.d.)? Hvenær hófst sú vörn að vori eða sumri? Lýsið hvernig fénaði var vikið (stuggað, sigað) frá túni að kvöldi. Á hvaða tíma kvölds eða nætur hófst varslan (vakan), og var þá vakað til fótaferðar? Hverjir önnuðust um þessa

vörslu (börn, unglingar)? Hvernig var þessu háttað, þar sem tvíbýli eða margbýli var á jörðum?

Var miðað við vissan tíma að vori eða sumri, er byrjað var að verja engjalönd fyrir fénaði, og var það e.t.v. breytilegt eftir því um hvaða fénað var að ræða (hross, sauðfé, kýr)? Lýsið engjavörslu, þar sem engjalönd voru ógirt. Lýsið beitingu hunda í þessari vörslu og hjálpartækjum svo sem hrossabresti eða öðrum tækjum til að gera hávaða. Segið frá samvinnu bænda um engjavörslu, er um hana var að ræða (skipt dögum t.d.)? Hvað nefndist þetta starf? Voru hlaðnir fjárheldir garðar úr torfi eða grjóti um tún og engi? Lýsið girðingum, hvernig þær þróuðust stig af stigi (hlaðnar "vörður" undir girðingarstólpa og vírstrengi, hlaðið undir vírstrengi, vírnet, gaddavír o.s.frv.).

Hreinsun slægna.

Vorstörfum í sveit fylgdi það að hreinsa áburðarleifar úr túnnum (afrak, úrrak, óhreina tað), og hefur áður verið um það fjallað í spurningaskrá. Hér er óskað eftir, að menn greini frá annarskonar hreinsun slægna. Lausasteinar og skriður féllu á brekkutún, ár og lækir gátu borið sand og mold á tún og engjar, sandur gat fokið á tún og engjar, búpeningur skildi eftir sig ummerki í slægjum (kúadillur, hrossatöð). Menn eru beðnir að gera grein fyrir hreinsun slægna, þar sem þörf krafði. Hvenær fór hún fram og hvernig að henni var unnið.

Álagablettir.

Hafa menn sagnir af ákveðnum stöðum eða blettum í slægjum, sem ekki mátti slá nema eitthvað illt hlytist af. Segið frá slíkum stöðum og tilgreinið sagnir um þá, er tök eru á. Eru forn ummæli varðandi slíka staði enn í heiðri höfð?

Þerriblettir, rosablettir.

Voru ákveðnir blettir eða reitir í slægjum, sem menn höfðu þá trú á, að heypurrkur brygðist aldrei á? Var e.t.v. í einhverju miðað við þá trú, er slíkir staðir voru slegnir? Bera staðir nöfn eftir þessu (Þerrihóll t.d.)? Var því einnig trúað, að rosi eða regn kæmi, er einhver ákveðinn blettur var sleginn (rosablettur)? Segið frá slíkum stöðum, ef tök eru á, og tilgreinið sagnir um þá.

Undirbúningur sláttar og sláttubyrjun.

Lýsið undirbúningi sláttar í því að hafa allt tilbúið, sem slætti viðkom í amboðum (orfum, ljáum, hrífum), í heyreipum, reiðingum, klyfberum og beislum, í hreinsun heygarða, hlöðugólfa o.s.frv. Lýsið á hvern hátt sláttubyrjun tengdist öðrum sumarstörfum og sprettu á túni og engjum. Hvaða orðum var farið um sprettu í þessu sambandi (sprottið, fullsprottið, mál að fara að bera niður, að byrja sláttinn, o.s.frv.)? Var farið eftir þroska ákveðinna grasa eða jurta, er ákveðið var um byrjun sláttar? Lýsið því.

Var það venja bænda að byrja slátt alltaf á ákveðnum vikudegi (laugardegi t.d.)? Hvað var það nefnt (að bera niður, að bera ljá í gras t.d.)? Var venjulega byrjað á því að slá sama blettinn frá ári til árs? Var venjulega byrjað að slá heima við bæinn eða þekkist það að hefja slátt utan túns og þá e.t.v. ekki farið eftir því, hvort gras var fullsprottið eða ekki?